

Tillaga til 488. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 20. janúar 2022

Tillaga bæjarstjóra um að bæjarstjórn samþykki að Ísafjarðarbær gerist aðili að Húsnæðissjálfsseignarstofnun á landsbyggðinni (Landsbyggðar-hses.), sem fyrirhugað er að stofna, en stefnt er að því að það verði óhagnaðardrifið leigufélag í eigu sveitarfélaga á landsbyggðinni. Með því verði hægt að stuðla að byggingu hagstæðra leiguíbúða í sveitarfélaginu með stofnframlögum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Ísafjarðarbæ.

2. Húsnæðissjálfsseignarstofnun á landsbyggðinni - 2021100002

Á 1170. fundi bæjarráðs, þann 4. október 2021, var lagður fram tölvupóstur Kolbrúnar Ernu Magnúsdóttur, f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. september 2021, varðandi húsnæðissjálfsseignarstofnun á landsbyggðinni, ásamt minnisblaði HMS um landsbyggðar hses., viljayfirlýsingar um málefni VH, minnisblaði um húsnæðissjálfsseignarstofnun á landsbyggðinni, minnisblað um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni, og húsnæðisstuðnings hins opinbera á landsbyggð. Bæjarráð fól bæjarstjóra að vinna málið áfram.

Þá samþykkti bæjarstjórn á 486. fundi sínum, þann 16. desember 2021, að veita Skeiði ehf. 12% stofnframlag vegna nýbyggingar fjölbýlishúss í sveitarfélaginu, en áætluð gjöld sem sveitafélagið gefur eftir eru gatnagerðar- og byggingarleyfisgjöld, þ.e. kr. 13.800.000, og áætlað greitt stofnframlag á árinu 2022 er kr. 9.238.805 og við verklok árið 2023 kr. 23.038.805, sbr. mál nr. 2021120018.

Er nú lagt fram minnisblað Birgis Gunnarssonar, dags. 14. janúar 2021, vegna málsins.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna áfram að því að sveitarfélagið verði aðili að fyrirhugaðri Landsbyggðarhúsnæðissjálfsseignarstofnun og að kannaður verði möguleiki á að umsókn Skeiðs ehf. um stofnframlag og byggingu almennra íbúða í sveitarfélaginu renni inn í það félag.